# AUGLÝSING

**um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.**

*Tangabryggja 18-24.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 1. júlí 2016 breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vegna húss nr. 24 á lóð nr. 18-24 við Tangabryggju. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum í húsinu úr 40-44 í allt að 63 íbúðir og er bílastæðaskilmálum breytt lítillega. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Garðastræti 37.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 1. júlí 2016 breytingu á deiliskipulagi reits 1.161 vegna lóðarinnar nr. 37 við Garðastræti. Í breytingunni felst að byggja megi garðskála með kjallara, gera tvö bílastæði við götu sunnanmegin húss, stalla baklóð með steyptum stoðveggjum, stækka þakhæð til suðurs, byggja skyggni til austurs og gera þaksvalir innan afmarkaðs reits. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skólavörðustígur 18.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 15. júlí 2016 breytingu á deiliskipulagi reits 1.181.0 vegna lóðarinnar nr. 18 við Skólavörðustíg. Í breytingunni felst að byggja við kjallara og 1. hæð hússins til suðurs jafnt við efri hæðir hússins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Óðinsgata 8b.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 15. júlí 2016 breytingu á deiliskipulagi reits 1.180.3 vegna lóðar nr. 8b við Óðinsgötu. Í breytingunni felst að skilgreindur er nýr byggingarreitur vestan við húsið fyrir sólstofu á 1. hæð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 18. júlí 2016.*

**Björn Axelsson.**

---